

## Svar

### forsætisráðherra við fyrirspurn frá Birgi Þórarinssyni um starfsmannamál ráðuneytisins og stofnana þess.

Við vinnslu svars við fyrirspurninni var óskað upplýsinga frá stofnunum ráðuneytisins við 1., 2. og 5. tölul. og byggist svarið, hvað stofnanir ráðuneytisins varðar, á þeim upplýsingum.

1. *Hversu oft á undanförunum sjö árum hefur ráðuneytið eða stofnanir þess greitt bætur fyrir ólögsmætar uppsagnir starfsmanna vegna annars vegar dómsmála, satta fyrir dómstólum og sáttamála hjá ríkislögmanni og hins vegar annars konar sáttar eða samkomulags?*
2. *Hversu margir starfslokasamningar hafa verið gerðir undanfarin sjö ár í ráðuneytinu annars vegar og stofnunum ráðuneytisins hins vegar? Hver var árleg heildarþjárhæð í hverjum flokki uppgjörs fyrir sig?*

Ráðuneytið lítur svo á að með starfslokasamningum sé átt við samninga um greiðslur sem starfsmenn fá umfram lögbundin eða kjarasamningsbundin réttindi. Eftirfarandi tafla sýnir hversu oft ráðuneytið eða stofnanir þess hafa greitt bætur fyrir ólögsmætar uppsagnir undanfarin sjö ár, fjölda starfslokasamninga á tímabilinu og heildarþjárhæð samninga.

	Ráðuneyti	Stofnanir	Ár
Greiddar bætur – dómsmál	0	1	2015
Greiddar bætur – sátt fyrir dómstólum eða ríkislögmanni	0	0	
Greiddar bætur – sátt eða samkomulag af öðrum toga	0	0	
Fjöldi starfslokasamninga	0	5	2013 (1), 2014 (2), 2018 (1), 2019 (1)
Heildarupphæð starfslokasamninga		11.250.129 kr.	

3. *Hver er ábyrgð forstöðumanna sem segja starfsmanni upp á ólögsmætan hátt á því tjóni sem þeir valda ríkissjóði og hvernig hefur verið farið með þá ábyrgð?*

Einkum er mælt fyrir um starfsskyldur forstöðumanna í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, og ákvæðum sérlaga sem gilda um viðkomandi málefni eða stofnun. Samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996 ber forstöðumaður ábyrgð á að stofnun sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Forstöðumaður ber og ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Ef útgjöld fara fram úr fjárlagaheimildum, verkefnum stofnunar er ekki sinnt sem skyldi eða þjónusta hennar telst óviðunandi getur ráðherra veitt forstöðumanni áminningu skv. 21. gr. sömu laga eða veitt honum lausn frá embætti skv. VI. kafla laganna ef hann hefur gerst sekur um ítrekaða eða stórfellda vanrækslu í starfi með þeim hætti sem að framan er lýst. Forstöðumaður ber samkvæmt framansögðu ábyrgð á rekstri stofnunar, þar á meðal starfsmannahaldi, og að stofnun sem hann stýrir starfi í samræmi við lög. Ekki eru

dæmi þess að ráðherra hafi á tímabilinu beitt úrræðum laga nr. 70/1996 vegna mögulegra brota á starfsskyldum forstöðumanna í tengslum við ólögmetar uppsagnir.

4. *Hversu áreiðanlegar telur ráðherra að upplýsingar um fjölda og fjárhæðir starfslokasamninga séu? Telur ráðherra hugsanlegt að gerðir séu starfslokasamningar sem fela í sér greiðslur úr ríkissjóði umfram lagaskyldur og kjarasamninga án vitneskju ráðuneytisins?*

Upplýsingar um fjárhæðir og fjölda starfslokasamninga í svari í töflu við 1. og 2. tölul. fyrirspurnarinnar byggjast á upplýsingum sem ráðuneytið aflaði frá stofnunum ráðuneytisins eins og áður segir. Fyrir utan almennan fyrirvara um hugsanleg mistök við talningu slíkra mála í málaskráum viðkomandi stofnana hefur ráðuneytið ekki tilefni til annars en að ætla að upplýsingarnar séu áreiðanlegar. Ráðuneytið var ekki upplýst um þá fimm starfslokasamninga sem gerðir voru á tímabilinu.

5. *Hversu oft hafa starfsmenn ráðuneytisins eða stofnana þess haft forgang að sambærilegum störfum hjá ríkinu eftir að starf þeirra hefur verið lagt niður eða þeim hefur verið sagt upp og hvernig tryggir ráðuneytið að starfsmenn njóti þeirra réttinda?*

Starfsmönnum ríkisins er almennt ekki tryggður forgangur til starfa hjá ríkinu við starfslok enda er það meginregla að auglýsa skuli laus störf, sbr. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Almenn ákvæði um forgangsrétt opinberra starfsmanna til starfa hjá ríkinu var áður að finna í 2. og 3. mgr. 14. gr. eldri starfsmannalaga, nr. 38/1954. Við gildistöku núgildandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, voru þau réttindi afnumin og var í greinargerð með frumvarpinu vísað til þess að ákvæðin hefðu haft litla þýðingu í raun. Í þeim tilvikum þegar stofnanir eru lagðar niður með lögum og verkefni færð yfir í aðra eða nýja stofnun eru dæmi þess að kveðið sé á um það í lögum að starfsmönnum skuli boðið starf hjá viðkomandi stofnun. Er það almennt gert á grundvelli sjónarmiða um meðalhóf og eiga sömu sjónarmið við um það þegar störf eru lögð niður í tengslum við skipulagsbreytingar stofnana. Er þá reynt eftir fremsta megni að bjóða starfsmönnum annað starf innan stofnunar, sé þess kostur. Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um það hversu oft starfsmenn hafa haft forgang til starfs miðað við framangreindar forsendur.